

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 273/2019

2020/EES/14/01

frá 13. desember 2019

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 um breytingu á XI. viðauka við tilskipun ráðsins 2003/85/EB að því er varðar skrána yfir rannsóknarstofur sem hafa leyfi til að meðhöndla lifandi gin- og klaufaveikiveiru og um breytingu á framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136 að því er varðar heiti tilnefndrar tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir rannsóknir á gin- og klaufaveiki ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fósturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtenstein.
- 4) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB) í hluta 3.1:

„— **32018 D 1099:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 (Stjútíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11).“

2. Eftirfarandi er bætt við 48. lið (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/136) í hluta 3.2:

„, breytt með:

— **32018 D 1099:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099 frá 1. ágúst 2018 (Stjútíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11).“

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 197, 3.8.2018, bls. 11.

2. gr.

Norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1099, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. desember 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*)

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. desember 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.